



**HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG
HNAPPADALSSÝSLU**
Stofnað 1922

Stjórnarfundur HSH

**Haldinn á Hótel Snæfellsnes, Vegamótum
Þriðjudaginn 5. desember 2023 kl. 17:00**

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir
Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

1. Hjörleifur setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrá.
2. Dagbók framkvæmdarstjóra
 - a. *Gunnhildur fór yfir þau verkefni sem hún hefur verið að vinna að síðan á síðasta fundi og þau verkefni sem eru fram undan.*
3. Reikningsyfirlit - Garðar
 - a. *Garðar fór yfir stöðu reikninga hjá HSH. Til eru um 17 milljónir í sjóðnum en lottóið verður greitt út að loknu þingi HSH. Viðmið að eiga um 8 milljónir sem varasjóð inn á banka.*
 - b. *Allir vinna - Garðar er með þann bolta hjá sér en verið er að klára vinnu v. launa sem leikmenn Víkings Ólafsvík unnu.*
4. Kjör á Íþróttamanni ársins 2023 samkvæmt lögum HSH.
 - a. *Blakíþróttamaður HSH – Anna María Reynisdóttir*
 - b. *Skotíþróttamaður HSH – Arnar Geir Diego Ævarsson*
 - c. *Körjuboltamaður HSH – Aron Ingi Hinriksson*
 - d. *Hestaiþróttamaður HSH – Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir*
 - e. *Knattspyrnumaður HSH – Ingvar Freyr Þorsteinsson*
 - f. *Kylfingur HSH - Sigurbór Jónsson*
 - g. *Íþróttamaður HSH – Arnar Geir Ævarsson - Skotfélag Snæfellsness*
5. Kjör á Vinnuþjark HSH ársins 2023
 - a. *Gunnhildur Gunnarsdóttir og Magnús Ingi Bæringsson fyrir vinnu þeirra við Landsmóts UMFÍ 50+ í Stykkishólmi síðasta sumar.*
 - b. *Ákveðið að framkvæmdarstjóri útbúi skapalón fyrir kjör 2024.*
6. Sjálfboðaliðar HSH ársins 2023
 - a. *Ákveðið að senda á aðildarfélögin og óska eftir sjálfboðaliða ársins frá hverju aðildarfélagi. Framkvæmdarstjóri mun búa til reglugerð sem verður lögð fyrir á næsta þingi. Hver og einn sjálfboðaliði frá félögunum verða heiðruð í lok janúar.*
7. Hvar og hvenær á að veita verðlaunin fyrir Íþróttamanneskju og Vinnuþjark HSH.



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

- a. *Framkvæmdarstjóri setur sig í samband við frjálsíþróttapjálfarana innan HSH en viðurkenningarnar verða veittar á innanhúsmóti HSH í Grundarfirði í lok janúar.*
 - b. *Stjórn og framkvæmdarstjóri hjálpast að við að safna saman farandsbikurum frá síðasta kjöri. Þá mun framkvæmdarstjóri vinna að því að finna eignargripi fyrir íþróttafólkið.*
8. *Dagsetning fyrir Héraðsþing HSH 2024*
- a. *Framkvæmdarstjóri mun setja sig í samband við Ungmennafélag Staðarsveitar og Golfklúbb Staðarsveitar, og óska eftir að þau bjóði til þings. Stjórnin leggur til að þingið verði haldið fimmtudaginn 11. apríl 2024 ef það mun henta þinghöldurum. Þinghaldarar munu tilnefna þingforseta en Kristfríður stjórnarmeðlimur hefur boðið sig fram sem þingritari. Ákveðið var að fækka prentun á ársskýrslum og prenta aðeins um 20 – 30 eintök í ár.*
9. *Næsti fundur*
- a. *Ákveðið að næsti fundur verði haldinn í Snæfellsbæ fyrir 20. janúar 2024. Nánari dagsetning síðar.*
10. *Önnur mál*
- a. *Stjórn og framkvæmdarstjóra veittar jólagjafir og þakkir fyrir þeirra störf.*
 - b. *Mikil endur vakning á skákinni og mikilvægt að vekja athygli á því sem þau eru að gera. Væri mögulega hægt að taka skáklúbb Snæfellsness inn í HSH.*
 - c. *Hvetja Skíðafélag Snæfellsness til að ganga frá stofnun félagsins og bjóða þeim inn í HSH á næsta sambandsþingi.*
 - d. *Laun frjálsíþróttapjálfa á mótum þar sem keppendur keppa undir merkjum HSH: Garðar leggur til að félögin greiði laun sinna þjálfara á mótum. HSH tekur þátt í ferðakostnaði þjálfara vegna móta sem farið er í nafni HSH. Þjálfarar skili inn bensínreikning fyrir ferðum, þ.e. útlögðum kostnaði.*

Fundi slitið kl. 19.03

Gunnhildur Gunnarsdóttir